

Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógeta um áfengi til iðnþarfa. 1
14. jan.

Það hefir komið í ljós, að rjettur sá, sem áfengisbannlögin veita mönnum til að fá vínanda til iðnþarfa og annara verklegra nota, er mjög misbrúkaður, sjerstaklega að því er snertir ómengaðan vínanda. Í áfengisbækur þær, sem fyrirskipaðar eru með reglugjörð 26. febr. 1916, um sölu á menguðu og ómenguðu áfengi til iðnþarfa o. s. frv., og lögreglustjórar og umsjónarmaður áfengiskaupa afhenda, munu mjög oft hafa verið rituð leyfi handa iðnaðarmönnum fyrir alt of miklu af vínanda, og stafar þetta að sjálfsögðu af því að eigi hefir orðið upplýst, hversu mikið þurfti að nota í hinum ýmsu iðngreinum. Margir iðnaðarmenn, sem fengið hafa áfengisbók, hafa beðið um svo mikið af ómenguðum vínanda, að þeim hlaut að vera það ljóst, að minstur hlutinn gengi til iðnrekstursins; hitt hafa þeir þá notað á ólöglegan hátt.

Til þess nú að girða fyrir frekari misfellur í þessu efni, leggur stjórnarráðið hjer með fyrir yður, herra lögreglustjóri, að skrifa þegar í stað öllum þeim, sem í lögsagnarumdæmi yðar afhenda lögum samkvæmt vínanda eftir áfengisbókum, og leggja bann gegn því að þeir afhendi ómengaðan eða hálfmengaðan vínanda eftir áður útgefnum áfengisbókum fyr en bækurnar eru sýndar þeim með nýrri áritun lögreglustjóra eða umsjónarmanns áfengiskaupa um það, hve mikið þar eftir megi láta af hendi eftir hverri bók, og er rjett að þjer auglýsið þetta á þann hátt, er þjer teljið nægja. Er þess vænst, að þjer gerið það sem í yðar valdi stendur til að iðnaðarmenn fái ekki meira af ómenguðum eða hálfmenguðum vínanda en þeir þurfa til iðnrekstursins. Ef þjer eruð í vafa um, hvort afhenda á áfengisbók eða um hve mikið skuli leyft, getið þjer spurst fyrir hjá stjórnarráðinu, sem þá mun útvega þær upplýsingar, sem með þarf.

Til leiðbeiningar við afhending áfengisbóka og áritun um það, er afhenda má af vínanda, skal það sem á eftir fer tekið fram um nokkrar iðngreinar, en jafnframt ber þess að gæta að iðnaðarmenn í þeim iðngreinum, er vínanda þarf að fá til, fái hann þó því að eins að þeir í raun og veru reki iðn sína.

Bókbindarar þurfa alls eigi á ómenguðum vínanda að halda, ef þeir geta aflað sjer suðuspritts. Þeir nota vínanda að eins til að hita með áhöld til notkunar við gyllingu.

Málarar þurfa heldur ekki að nota ómengaðan vínanda. Helstu málarar í Reykjavík votta að þeir noti aldrei hreinan spíritus við iðn sína.

Gullsmiðir þurfa að fá lítið eitt að ómenguðum vínanda. Á vinnustofu gullsmiðs hjer í bænum, þar sem vinna 2 menn, eru notaðir þrír lítrafjórðungar á ári. Bendir þetta til þess að stærstu vinnustofur í bænum þurfi eigi meira en 2 lítra á ári.

Úrsmiðir þurfa einnig á örlitlu af ómenguðum vínanda að halda. Á einni stærstu vinnustofunni hjer í bæ, þar sem meistarinn vinnur við þriðja mann, hefir eigi þurft að nota fulla 2 lítra á 8½ mánuði.

1
14. jan. Ljósmyndarar þurfa lítið eitt af ómenguðum vínanda. Á einni helstu ljósmyndastofu Reykjavíkur hefir verið notaður tíundi hluti úr lítra um árið.

Trjesmiðir þurfa yfirleitt ekki að nota ómengaðan vínanda. Hann er að eins notaður við vönduðustu viðargljáningu, sem fæstir smiðir fást við. Að eins stærri vinnustofur munu þurfa á ómenguðum vínanda að halda svo nokkru nemi.

Vjelsmiðir þurfa ekki á ómenguðum vínanda að halda, ef þeir geta fengið suðuspritt.

Prentarar þurfa ekki að nota vínanda við iðn sína.

Stjórnarráðið væntir nú þess, að þjer, auk þess að koma fram ábyrgð gegn þeim mönnum í lögsagnarumdæmi yðar, er uppvisir verða að því að hafa misbrúkað áfengisbækur sínar síðasta árið, gjörið yðar ítrasta til að koma í veg fyrir, að áfengisbækurnar verði misbrúkaðar framvegis til að afla áfengis til neyslu, en gjöri einhver sig sekan í sliku, verður að láta hann sæta ábyrgð fyrir.

2
23. jan. *Brjef stjórnarráðsins til allra sýslumanna og bæjarfógeta um reglur fyrir greiðslu úr landssjóði samkvæmt 77. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905.*

Þar eð útgjöld landssjóðs samkvæmt 77. gr. fátækralaga 10. nóvember 1905 fara mjög vaxandi með ári hverju, hefir stjórnarráðinu þótt óhjákvæmilegt að setja eftirfarandi reglur, er fylgja skal, þegar sótt er um styrk úr landssjóði til greiðslu upp í legukostnað þurfalinga í sjúkrahúsum.

Þegar hreppsnefnd sækir um styrk úr landssjóði til greiðslu upp í legukostnað þurfalinga, samkvæmt 77. gr. fátækralaga 10. nóvember 1905, skal hún senda hlutaðeigandi sýslumanni beiðni um styrkinn stílaða til stjórnarráðsins. Beiðninni skal fylgja: reikningar yfir legukostnaðinn ásamt sjúkdómslýsingu frá hlutaðeigandi lækni og skulu bæði reikningarnir og sjúkdómslýsingin vera rituð á eyðublöð þau, sem fyrirskipuð voru með brjefi stjórnarráðsins til allra hreppsnefnda, dags. 6. júní 1913. Enn fremur skal fylgja beiðninni fullkomin skýrsla hreppsnefndarinnar um viðskifti hennar og þurfalingsins, er m. a. sýni hvenær, hvar og af hvaða ástæðum þurfalingurinn hafi orðið styrkþurfi, hve mikinn styrk hann hafi þegið á ári hverju og hvernig kringumstæður hans að öðru leyti eru. Sýslumaður sendir síðan beiðni hreppsnefndar ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins og lætur jafnframt uppi álit sitt um málið.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjer með tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefndum í umdæmi yðar, og skal þess jafnframt getið, að reglur þessar ganga í gildi 1. apríl næstkomandi og verður umræddur styrkur ekki greiddur úr landssjóði eftir þann tíma, nema framanskráðum reglum sje nákvæmlega fylgt.

Þess skal getið, að framanskráðar reglur gilda einnig um styrkbeiðnir frá fátækrastrjórum kaupstaðanna, þó þannig, að bæjarfógeti eða borgarstjóri afgreiðir beiðnirnar beint til stjórnarráðsins.